

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila
vegna sjúkraflutningamanna í hlutastarfi**

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. maí 2015 til 31. mars 2019 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Föst þóknun

Kaflí 1 um fasta þóknun breytist 1. október 2015 og verður skv. eftirfarandi:

Röðun starfa frá 1. október 2015	Lfl.
Sjúkraflutningamaður með réttindi til að hefja nám.....	6
Sjúkraflutningamaður með grunnréttindi (EMT-B)	7
Sjúkraflutningamaður með framhaldsréttindi (LTS + BTLS)	10
Sjúkraflutningamaður með neyðarbílsréttindi (EMT-I)	11
Sjúkraflutningamaður með bráðatæknanám	15

Frá 1. júní 2016 hækkar röðun sjúkraflutningamanna með neyðarbílsréttindi um einn launaflokk og miðast við launaflokk 12.

3. gr.

Orlofs- og persónuuppbætur

Ný grein komi inn í samkomulagið um orlofs og persónuuppbót svohljóðandi:

Þóknun sem greidd er hlutastarfandi sjúkraflutningamönnum fyrir að vera til taks skal mynda stofn til orlofs- og persónuuppbótar að hálfu. Upphæð uppbótanna og ávinnsla skal fara eftir viðkomandi ákvæðum í samningi fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi.

4. gr.

Sérstakar skyldur

Grein 3.2 breytist og verður svohljóðandi:

3.2 Sé sjúkraflutningamanni falin sérstök ábyrgð, svo sem umsjón með mönnun og/eða bifreið, búnaði eða öðrum slíkum sérverkefnum umfram aðra starfsmenn er stofnun skylt að semja sérstaklega við þá starfsmenn um hærri viðmiðunarlaunaflokk eða aðra þóknun.

Verði ósætti um slíka þóknun getur hvor aðili sem er vísað því til samstarfsnefndar aðila.

Reykjavík, 18. desember 2015

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Landssambands slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Gunnar Björnsson (sign.)
Sara Lind Guðbergsdóttir (sign.)
Einar Mar Þórðarson (sign.)

Sverrir Björn Björnsson (sign.)
Gunnar Baldursson (sign.)
Eyþór Garðarsson (sign.)
Þórður Pálsson (sign.)
Valdimar Leó Friðriksson (sign.)

Bókanir með samkomulagi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Landssambands slökkviliðs- sjúkraflutningamanna
vegna sjúkraflutningamanna í hlutastarfi
dags. 18. desember 2015

Bókun 1

Samningur þessi byggir á samningi LSS og fjármálaráðherra fyrir sjúkraflutningamenn í aðalstarfi og fylgir breytingum á honum eins og við getur átt og bókunum við hann.

Bókun 2

Fjármálaráðherra og LSS hafa frá árinu 2000 gert með sér samkomulag um launakjör þeirra sem sinna sjúkraflutningum meðfram öðru starfi. Grunnur þessa samkomulags hefur verið fyrirkomulag sjúkraflutninga með sjúkrabílum eins og það var við upphaf yfirtöku ríkisins á þessum verkefnum árið 2000.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands yfirtók sjúkraflutninga í Árnessýslu árið 2006 og var þá gerður samningur um kjör sjúkraflutningamanna í aðalstarfi.

Þróun sjúkraflutninga og menntun starfsmanna á þessum 15 árum hefur orðið með þeim hætti að fyrirkomulag ráðninga og kjara getur ekki verið með óbreyttum hætti miðað við þær kröfur sem mæta á í dag.

Aðilar eru sammála um að hefja nú þegar vinnu við að finna bætt form ráðninga og kjara. Sú vinna verði skipulögð með eftirfarandi hætti:

1. Janúar til júní 2016 verði unnin skýrsla um umfang og eðli sjúkraflutninga á þeim landssvæðum sem samningur þessi tekur til. Sú vinna verði unnin af sérstökum úttektaðila í samvinnu við alla þá sem málið varðar hjá rekstrar- og samningsaðilum. Úttektin verði skipulögð og greidd af ríkinu í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins og velferðarráðuneytisins.

2. Í kjölfar úttektarinnar, í september 2016, verði hafin vinna við nýja framsetningu á kjara- og ráðningarmálum (þ.m.t. ráðningarfesta, tryggingar, veikindaréttur og uppsagnarfrestur) hlutastarfandi sjúkraflutningamanna af samningsaðilum. Þeirri vinnu skal lokið fyrir 1. desember 2016 ásamt kostnaðarmati. Breytingar sem aðilar verða sammála um taka þá gildi 1. janúar 2017.

Markmið með þeim breytingum sem aðilar vilja ná fram, er að tryggja örugga starfsrækslu heilbrigðisstofnana og að sjúkraflutningamenn í hlutastörfum njóti hliðstæðra kjara og réttinda og aðrir starfsmenn ríkisins.